



Fyrirverandi og núverandi formaður Félags íslenskra heimilislækna, Elínborg Bárðardóttir og Þórarinn Ingólfsson. Lengst til vinstri er Gunnar Ingi Gunnarsson sem um árabíl var formaður samninga nefndar Læknafélags Íslands.

# Átaks er þörf

## Líflegur fundur LR um stöðu heilsugæslunnar og framtíðarhorfur

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

**Læknafélag Reykjavíkur efndi til umræðufundar þann 17. mars undir yfirskriftinni**

*Heilsugæslan, staða og framtíðarsýn.*

Framsögumenn voru Oddur Steinarsson framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Þórarinn Ingólfsson formaður Félags íslenskra heimilislækna. Arna Guðmundsdóttir formaður LR stýrði fundinum.

Í erindi Odds kom fram að það eru að verða töluverðar breytingar á viðfangsefnum heilsugæslunnar. „Viðfangsefni heilsugæslunnar er að auknum hluta orsakað af lífstílsjúkdómum. Hlutfall Íslendinga með offitu er með því hæsta í Evrópu og vex fjöldi sykursjúkra samhliða því. Í Sví-

þjóð hefur verið gert sérstakt átak til að taka við þeim sem eru með sykursýki 2 í heilsugæslunni.“

Þá nefndi Oddur mikla notkun þunglyndislyfja hérlendis og skort á öðrum úrræðum. „Við þurfum að geta boðið upp á samtalsmeðferð fyrir fólk með kvíða og þunglyndi og þar vildi ég sjá aukna teymisvinnu með aðkomu sálfræðinga og sérmenntaðra hjúkrunarfræðinga, auk læknanna.“

Skortur á heimilislæknum er viðvarandi vandamál og sagði Oddur að ráðast þyrfti að kjarna vandans. „Það þarf að auka hlutfall sérfræðinga í heimilislækningum. Það er ekki samræmi á milli þess hversu stór hluti heilsugæslan er af heilbrigðiskerfinu og þess hversu miklum

tíma er varið í kennslu heimilislækninga í læknanáminu. Þá eru fjölbreyttari rekstrarform í heilsugæslunni sjálfri mikilvægur þáttur í að gera heimilislækningararnar meira aðlaðandi fyrir unga lækna. Sjálfstæður rekstur er ekki eina lausnin á vandanum, en sannarlega hluti af lausninni. Skjólstæðingar okkar eiga að geta valið hvert þeir sækja þjónustuna og fjármagnið fylgi þeim þannig að þeir sem standa sig vel í þjónustunni uppskeri í samræmi við það.“

Þórarinn fjallaði um vandamál heimilislækninga, bæði að kennslu í heimilislækningum væri ekki gert nægilega hátt undir höfði í læknadeild og að ekki væri boðið upp á að sérfræðingar í heimilislækningum gætu rekið stofur. Heilsu-



*Frummælendur á fundinum voru þeir Þórarinn Ingólfsson og Oddur Steinarrson.*



gæslan hafi verið undirfjármögnuð í mörg ár sérstaklega lækniþjónustan og nú væri komið í óefni í breyttu umhverfi heilbrigðisþjónustu og þörfin á heilsugæslu orðin meiri en nokkru sinni áður.

Þórarinn ræddi læknaþjónu sem hrjád hefur heilsugæsluna mörg undanfarin ár og lagði áherslu á breytt og fjölbreyttari rekstrarform til að laða fleiri unga lækna í heimilislækningar. Hann rifjaði upp að í júní árið 2008 hafi þáverandi heilbrigðisráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson skrifaði undir samning við heimilislækna um að þeir gætu starfað sjálfstætt. „Við töldum okkur hafa gert þarna tímamótasamning sem jafnvel myndi vekja athygli víða um heim.

Í kjölfar hrunsins var þessum samningi stungið undir stól og hann hefur aldrei komið til framkvæmda. Núverandi heilbrigðisráðherra og flokksbróðir Guðlaugs hefur ekki ljáð máls á því að taka þennan samning í gagnið. Í rauninni hefur ekkert gerst í málefnum heimilislækna undanfarna tvo áratugi annað en að staðan í dag er þannig að heimilislækna eru of fáir og margir yngri heimilislækna hafa þegar hætt störfum og flust búferlum og þeir sem eldri eru nálgast eftirlaun eða íhuga að draga sig í hlé eða fara í önnur verkefni. Ekki fást hæfir umsækjendur í stöður sem eru auglýstar.“

Í kjölfar framsöguenda þeirra Odds og Þórarins fóru fram líflegar umræður og

meðal annars kvaddi Magnús Karl Magnússon forseti læknaeildar HÍ sér hljóðs og hvatti til þess að heimilislækna fylktu sér um aukna menntun læknaema, kandidata og ungra lækna í heimilislækningum.

„Það þarf að auka áhuga ungra lækna og læknaema á þessari grundvallarsérgrein í lækniáfræði. Öflug heilsugæsla er án vafa grunnur þess að hér verði öflug, hagkvæm og mannvænleg heilbrigðisþjónusta. Sameiginlegt átak þarf og ég veit að læknaeild mun taka þátt í slíku. Ég hvet því heimilislækna, bæði forystumenn og grasrót til að fylkja sér um menntun læknaema, kandidata og ungra lækna,“ sagði Magnús Karl Magnússon.